

Reglur um tímabundin viðbótarlaun

Í kjarasamningum sambands íslenskra sveitarfélaga við aðildarfélög BHM, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og KÍ vegna Félags leikskólakennara er ákvæði um að heimilt sé að greiða launaviðbætur á sérstökum forsendum (svokölluð TV laun) vegna verkefna og hæfni annarsvegar og vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna hinsvegar. Vísað er til kjarasamninga varðandi skilgreiningar TV-launa og nánari skýringar. Á Akureyri verður eftirfarandi reglum beitt við framkvæmd þessara ákvæða:

A Reglur um TV-einingar vegna verkefna og hæfni

1. Kjarasamninganefnd getur að fengnu mati matshóps sbr. 5. gr. reglna þessara og að fenginni umsögn jafnréttisráðgjafa heimilað að allt að 10 TV-einingar séu greiddar til viðbótar heildarlaunum starfsmanns ef starfsmaður tekur tímabundið að sér flókin og/eða umfangsmikil verkefni sem hafa í för með sér vinnuálag umfram það sem hefðbundið og eðlilegt getur talist í starfi hans, svo sem vegna þróunarvinnu, vísindarannsókna eða til að afla stofnun sinni sértekna.
2. Ef starfsmaður uppfyllir skilyrði 1. greinar um verkefni skulu verkefni hans metin með tilliti til þess hvaða kröfur þau gera á eftirtöldum sex mælikvörðum:

Umfang verkefnis: Starfsmaður tekst á við verkefni og/eða starfsskyldur að eigin frumkvæði eða annarra sem eru verulega umfram reglubundnar starfsskyldur og hliðrar til verkefnum þegar aðstæður í starfseminni kalla á. Slík verkefni eru ekki tilkomin vegna tímabundinnar manneklu á vinnustað.

Fagmennska: Verkefnið krefst þess að starfsmaður hafi góðan skilning á faginu sem nýtist í starfi, vinni starf sitt af heilindum og virðingu gagnvart lögum, starfsreglum og markmiðum bæjarstjórnar og sýni góða verkunnáttu.

Frumkvæði: Verkefnið krefst þess að starfsmaður leiti nýrra leiða og sýni mjög mikið frumkvæði við lausn verkefna.

Sjálfstæði: Verkefnið krefst þess að starfsmaður sýni mjög mikið sjálfstæði við úrlausn verkefna þannig að hann geti unnið án fyrirmæla og leiðsagnar.

Samskipti: Verkefnið krefst þess að starfsmaður eigi í miklum samskiptum þar sem krafist er jákvæðs viðmóts, ríkrar þjónustulundar, virðingar og umburðarlyndis gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum (innri og ytri).

Kunnátta: Verkefnið krefst þess að starfsmaður hafi yfir að ráða fjölbættri þekkingu sem hann er tilbúinn til að deila með samstarfsfólki í þágu starfseminnar.

3. Stjórnendur sem fá greidd heildarlaun skv. kjarasamningi eða fá greitt stjórnendaálag á laun sín geta ekki fengið TV-einingar vegna verkefna og hæfni.
4. Starfsmaður sem fær greiddar TV-einingar vegna verkefna og hæfni skal að jafnaði hafa starfað hjá Akureyrarbæ í a.m.k. 12 mánuði. Í þeim tilfellum sem um nýjung í starfsemi er að ræða og starfsmaður er ráðinn sérstaklega til að þróa og sinna innleiðingu nýrra verkefna skv. ákvörðun fagnefndar, er heimilt að veita undanþágu frá kröfu um 12 mánaða starfsaldur hjá Akureyrarbæ..
5. Starfsmaður skal leggja fyrir embættismann (yfirmann) viðkomandi deildar skriflega umsókn á sérstöku eyðublaði um að fá greiddar TV-einingar vegna verkefna og hæfni.

Í umsókn skal tilgreint hversu margar TV-einingar farið er fram á og í hve langan tíma. Skal greinargerð með rökstuðningi fylgja umsókn með tilvísun til starfsskilgreiningar skv. kjarasamningi og til matsþáttanna skv. 2. grein. Starfsskilgreiningar eru í sérákvæðum með kjarasamningum aðildarfélaga BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Starfslýsingar (hér eftir nefnt starfsskilgreiningar) kjarasamnings Félags leikskólakennara eru í kjarasamningi aðila. Kjarasamninga má nálgast á heimasíðum stéttarfélaga og á heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is. Umsóknir ásamt umsögnum embættismanna skulu berast fyrir 1. mars og 1. september ár hvert og skulu afgreiddar innan tveggja mánaða. Einungis eru teknar til umfjöllunar hjá matshópi umsóknir sem berast á tilskildum eyðublöðum.

6. Viðkomandi embættismaður skal forgangsraða umsóknum frá sinni deild með skriflegum rökstuðningi á þar til gerðu matsblaði. Kjarasamninganefnd skipar í matshóp sem í sitja tilkvaddur matsmaður frá Háskólanum á Akureyri, fulltrúi úr hópi forstöðumanna tilnefndur af embættismönnum og fulltrúi bæjarstjóra. Hlutverk matshópsins er að meta verkefni starfsmanna. Umfang verkefnis skv 2. grein getur gefið 0, 3 eða 6 stig. Aðrir matsþættir geta gefið 0, 1 og 2 stig.. Samtals getur starfsmaður því fengið 16 stig en hvert stig umfram 6 gefur eina TV-einingu.
7. Á hverju ári ráðstafar kjarasamninganefnd að hámarki 25 TV-einingum á mánuði fyrir verkefni og hæfni handa BHM-félögum og 17 TV-einingum handa leikskólakennurum. Berist gildar umsóknir um fleiri einingar, forgangsraðar kjarasamninganefnd umsóknum eftir stigafjölda að mati dómnefndar og eftir því hvort umsækjendur hafa áður fengið TV-einingar fyrir verkefni og hæfni.
8. Að fengnu samþykki kjarasamninganefndar hefur starfsmannastjóri umsjón með greiðslu TV- eininga fyrir verkefni og hæfni. TV- einingar vegna verkefna og hæfni eru greiddar í allt að 8 mánuði í senn fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skv. ákvörðun kjarasamninganefndar í hverju tilviki.

Stigagjöf fyrir matsþætti skv. 6. gr. skal vera með eftirfarandi hætti:

Umfang verkefnis: Starfsmaður tekst á við verkefni og/eða starfsskyldur að eigin frumkvæði eða annarra sem eru verulega umfram reglubundnar starfsskyldur og hliðrar til verkefnum þegar aðstæður í starfseminni kalla á. Slík verkefni eru ekki tilkomin vegna tímabundinnar manneklu á vinnustað.

- 0 stig: Starfsmaður vinnur hefðbundin verkefni sem tilheyra starfinu og eru í samræmi við starfsskilgreiningu.
- 3 stig: Starfsmaður tekur að sér ný verkefni sem gera þó ekki kröfur um verulega röskun á starfsskyldum og vinnuálagi.
- 6 stig: Starfsmaður tekur að sér mjög krefjandi **verkefni** sem raska verulega hefðbundnum starfsskyldum og vinnuálagi eða starfsmaður gegnir starfi sem verður mjög krefjandi vegna tímabundinna aðstæðna.

Fagmennska: Verkefnið krefst þess að starfsmaður hafi góðan skilning á faginu sem nýtist í starfi, vinni starf sitt af heilindum og virðingu gagnvart lögum, starfsreglum og markmiðum bæjarstjórnar og sýni góða verkkunnáttu.

- 0 stig: Verkefnið gerir ekki kröfur um að starfsmaður gegni skyldum eða sýni sérstakan metnað umfram það sem starf hans gerir þegar ráð fyrir skv starfsskilgreiningu..

- 1 stig: Verkefnið gerir kröfur um að starfsmaður sýni í sumum verkum sínum sérstakan metnað til að framfylgja lögum, starfsreglum og markmiðum bæjarstjórnar og sýni í ýmsu sérstaka verkkunnáttu án þess að slíks sé almennt krafist í starfsskilgreiningu..
- 2 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður sýni framúrskarandi verkkunnáttu og vilja til að framfylgja lögum, starfsreglum og markmiðum bæjarstjórnar án þess að slíks sé almennt krafist í starfsskilgreiningu. **Frumkvæði:** Verkefnið krefst þess að starfsmaður leiti nýrra leiða og sýni mjög mikið frumkvæði við lausn verkefna.
- 0 stig: Verkefnið gerir ekki meiri kröfu um frumkvæði en ætlast er til af starfsmanni skv starfsskilgreiningu..
- 1 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður taki af heilindum þátt í að bæta starfshætti án þess þó að hann beiti sér mikið fyrir þeim sjálfur.
- 2 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður berjist fyrir bættum vinnubrögðum og verkskipulagi sem jafnvel hefur áhrif út fyrir starfssvið hans sem fyrirmynd fyrir aðra vinnustaði.

Sjálfstæði: Verkefnið krefst þess að starfsmaður sýni mjög mikið sjálfstæði við úrlausn verkefna þannig að hann geti unnið án fyrirmæla og leiðsagnar.

- 0 stig: Verkefnið gerir ekki kröfu um að starfsmaður vinni verk sitt umfram það sem starfsskilgreining segir fyrir um..
- 1 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður leysi mörg vandasöm verkefni og nýmæli sjálfur en leiti ráða hjá yfirmanni um þau sem erfiðust eru.
- 2 stig: Verkefni gerir kröfu um að starfsmaður leysi nánast öll vandasöm og erfið verkefni sjálfur og geri tillögur til yfirmanns um lausnir þeirra verkefna sem yfirmaður þarf að vera með í ráðum um að leysa.

Samskipti: Verkefnið krefst þess að starfsmaður eigi í miklum samskiptum þar sem krafist er jákvæðs viðmóts, ríkrar þjónustulundar, virðingar og umburðarlyndis gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum (innri og ytri).

- 0 stig: Verkefnið gerir ekki kröfu um samskipti umfram það sem gera má ráð fyrir skv starfsskilgreiningu.
- 1 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður sé í miklum samskiptum sem krefjast færni á því sviði.
- 2 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður sé í mjög miklum samskiptum þar sem miklar kröfur eru gerðar um gott viðmót gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Kunnátta: Verkefnið krefst þess að starfsmaður hafi yfir að ráða fjölpættri þekkingu sem hann er tilbúinn til að deila með samstarfsfólki í þágu starfseminnar.

- 0 stig: Verkefnið gerir ekki kröfu umfram, það sem fram kemur í starfsskilgreiningu.
- 1 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður sýni kunnáttu og færni sem er verulega umfram það sem krafist er í starfinu.
- 2 stig: Verkefnið gerir kröfu um að starfsmaður sýni kunnáttu og færni sem er verulega umfram það sem krafist er í starfinu og sé virkur í að kenna, leiðbeina og þjálfá samstarfsfólkið.

B Reglur um TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna

1. Kjarasamninganefnd getur að fenginni umsögn jafnréttisráðgjafa heimilað að allt að 10 TV-einingar séu greiddar til viðbótar heildarlaunum starfsmanns ef eftirfarandi atriði eiga við:
 - a. starf hefur verið auglýst án þess að tekist hafi að ráða í það,
 - b. uppsagnir eru yfirvofandi vegna óhagstæðs kjarasamanburðar,
 - c. erfitt er að kaupa viðkomandi þjónustu frá utanaðkomandi aðilum vegna mikillar spennu á vinnumarkaði eða skorts á einstaklingum með viðkomandi sérmenntun á Akureyri.

TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna geta komið til viðbótar TV-einingum vegna verkefna og hæfni en ekki má greiða fleiri en 10 TV einingar samtals fyrir verkefni og hæfni og vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna.

2. Embættismaður eða forstöðumaður skal leggja fyrir kjarasamninganefnd skriflega umsókn um að fá að greiða TV-laun og skal umsókn fylgja greinargerð um tilraunir til að ráða í starfið og hvaða aðrir starfsmenn bæjarins ættu að njóta TV-launa skv. 3. lið. Að fengnu samþykki kjarasamninganefnd skal gerður skriflegur samningur við hvern starfsmann sem fær TV-einingar þar sem tilgreindur er einingafjöldi, gildistími og uppsagnarákvæði. Starfsmannastjóri hefur umsjón með gerð samninga um TV-laun. Samningar um TV-laun vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna skulu gerðir til allt að 12 mánaða en eftir 9 mánaða samningstíma skal tekin ákvörðun um hvort og þá hvernig samningar verða framlengdir.
3. TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna eru einungis greiddar ef um er að ræða fámennan hóp starfsmanna sem uppfylla skilgreindar menntunarkröfur skv. starfslýsingu og gegna sambærilegu starfi hjá Akureyrarbæ. Einnig má greiða TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna ef um er að ræða einstakt, sérhæft og sérstaklega krefjandi starf sem ekki er hægt að ráða fullhæfan starfsmann í nema álag á kjarasamningsbundin laun komi til. Með skilgreindum menntunarkröfum er átt við þær kröfur um menntun sem gerðar eru í auglýsingu starfsins og afmarka fagstéttina, t.d. sálfræðingur með embættispróf, verkfræðingur MSc, viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði. Með sambærilegum störfum er átt við störf sem eingöngu afmörkuð starfsstétt telst hæf til að gegna, t.d. **heilsugæsluhjúkrunarfræðingur** og **skólahjúkrunarfræðingur**.
4. Stjórnendur, sem fá greitt stjórnendaálag á laun sín, geta fengið greiddar TV-einingar ef skilyrði skv. 1. grein eru uppfyllt. um er að ræða sérhæfðar menntunarkröfur skv. 3. grein og um er að ræða sérhæft og sérstaklega krefjandi starf sem ekki er hægt að ráða fullhæfan starfsmann í nema álag á kjarasamningsbundin laun komi til. Umsóknir um TV einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna til stjórnenda skulu vera vegna einstakra starfa en ekki vegna hóps starfa..
5. Til viðmiðunar um fjölda TV-eininga sem greiddar eru í hverri starfsstétt skal leitað upplýsinga um laun í jafnverðmætum og sambærilegum störfum á Akureyri og í næsta nágrenni. Ef þetta viðmið er ekki fyrir hendi á nærmarkaði, skal taka mið af launakjörum viðkomandi stéttar í a.m.k. þremur sveitarfélögum sem hafa 3 eða fleiri sambærilega starfsmenn úr stéttinni í vinnu. Starfsmannþjónustan annast upplýsingaöflunina.

6. TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna ákvarðast m.t.t. þess að laun hvers starfsmanns verði sambærileg við laun sambærilegra starfsmanna á nærmarkaði. TV-einingar vegna markaðs- og samkeppnisaðstæðna geta því verið mismunandi til mismunandi starfsmanna eftir t.d. starfsaldri og röðun í launaflokk og þrep og eftir því hvort starfsmaður hefur einnig fengið TV-einingar fyrir verkefni og hæfni. Ef grunnröðun starfsmanns breytist á samningstíma breytist fjöldi TV-eininga til samræmis.